

Stýrihópur um nýtt íþróttahús á Höfn

5. fundur 22. Mars 2024 – Reykjavík

Mættir. Björgvin Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir fulltrúar í stýrihóp. Auk þeirra starfsmenn sveitarfélagsins Björn Þór Imsland sem er starfsmaður nefndarinnar, Brynja Dögg Ingólfsdóttir, Gunnar Ingi Valgeirsson, Sigurjón Andrússon og Þórgunnur Torfadóttir sem ritaði fundargerð

Fundurinn haldinn í VERKÍS með þeim Þóreyju Edda Elísdóttur og Flosa Sigurðssyni eftir að hópurinn hafði farið í heimsóknir í 8 íþróttahús. Talin upp í þeirri röð sem þau voru heimsótt; Flúðir, íþróttahús FSU á Selfossi, íþróttahúsið í Sunnulækjaskóla, íþróttamiðstöðin Þorlákshöfn, ÍR húsið í Mjóddinni, Valsheimilið á Hlíðarenda, Framhúsið í Úlfarsárdal og að lokum Gerpluhúsið í Vatnsendaskóla.

Heimsóknirnar voru áhugaverðar og ýttu sannarlega við hópnum. Margar hugmyndir komu fram og hugmyndin með því að hittast í hjá þeim í Verkís var að **a)** fá tækifæri til að ræða saman og fá einhvern óháðan til að spyrja spurninga og **b)** fá að sjá fleiri hugmyndir um það hvernig íþróttahús geta verið “samfélagsmiðstöð”.

1. Þórey Edda var með erindi um mikilvægi þess að horfa ekki bara á íþróttahús sem samfélagsstað sem hvetur til hreyfingar og samveru. Áhugavert erindi og svo benti hún á tvær vefsíður loa-fonden.dk og iaks.sport/en. Þórey lét okkur fá glærurna og þær eru inn í möppunni með fundargerðunum.
2. Umræður um það hvað við viljum sjá. Ýmsar hugmyndir sem vöknudú í ferðinni. Flosi sagði frá því að Noregi væri mikið verið að hanna svona center sem væi líka community center. Hópurinn er á því að aðalmálið er ekki endilega salurinn heldur öll hin rýmin og tengingin á milli þeirra sem nýta húsið. Nokkrir puntar sem má minnst á
 - a. Ótrúlega misjöfn hljóðvist
 - b. Misjöfn efnisnotkun – t.d. bjart í Framhúsinu (breemvottað) og þar var líka dúkur upp í ákv. hæð á veggjum.
 - c. Misjafnlega mikið af dauðum rýmum í húsunum og í Framhúsinu var t.d. mjög mikið af göngum
 - d. Flott loft í Framhúsinu.
 - e. Mikilvægt að hafa nægt geymslurými
 - f. Skoða hvernig hægt er að nýta hluti sem best og koma sem flestu að.
 - g. Núna vantar t.d. frístund fyrir 1. -4. bekk, það er talað um íþróttahús, matsal og sal fyrir grunnskólann.
 - h. Það bráðvantar vallahús
 - i. Mikilvægt að geta áfangaskipt uppbyggingunni
 - j. Við erum langt í burtu og þurfum að hafa “allt”.
 - k. Mikilvægt að félagsstarfsemi íþróttafélagsins komist í húsið.
 - l. Ofi. Ofi.
3. Rætt um hvar húsið eigi að vera – erfitt að ákveða það fyrr en búið er að ákveða hvernig concept við viljum sjá.
4. Flosi leggur til að hugmyndir séu teknar markvisst fyrir og þær sem ekki ganga sé hent út af borðin. Mjög gott að tala um hlutina - það tekur tíma en smám saman kemst fólk að niðurstöðu og verður á endanum sáttara.

5. Skoða betur skuggavarp af ípróttahúsi ef það yrði byggt við en það dregið aðeins sunnar. Athuga líka vindgreiningu út frá því. Björn ætlar að hafa samband við Verkís og láta skoða þetta.
6. Næsti fundur fimmtudag eftir páska